# P E R S Ó N U V E R N D A R S T E F N A

# LAGAHVOLS

Persónuverndarstefna þessi byggir á gildandi lögum um persónuvernd nr. 90/2018 og almennu persónu-verndarreglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, einnig þekkt sem „GDPR“.

## UPPLÝSINGAR UM OKKUR

Lagahvoll slf., Bankastræti 5, 101 Reykjavík, kt. 640112-0500 (hér eftir „Lagahvoll“ eða „við“) er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem við söfnum og vinnum um einstaklinga í tengslum við þá þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar.

Markmið þessarar persónuverndarstefnu er að veita viðskiptavinum okkar upplýsingar um tilgang og grundvöll vinnslu persónuupplýsinga og upplýsa viðskiptavini um réttindi í tengslum við slíka vinnslu. Hafir þú einhverjar nánari spurningar eða athugasemdir við stefnu þessa bendum við þér á að hafa samband við ábyrgðarmann persónuverndarstefnu með bréfpósti eða tölvupósti. Ábyrgðarmaðurinn mun bregðast við erindi þínu eins fljótt og auðið er með skriflegum hætti.

Lagahvoll slf.
Bankastræti 5
101 Reykjavík
b.t. Jóhanns Tómasar Sigurðssonar

Netfang: johann@lagahvoll.is

## TEGUNDIR OG UPPRUNI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Persónuupplýsingar eru hvers kyns persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem má rekja til tiltekins einstaklings. Með því er átt við að hægt sé að auðkenna einstakling beint eða óbeint með upplýsingunum.

Lagahvoll safnar og vinnur ýmsar tegundir persónuupplýsinga í því skyni að veita lögfræðilega ráðgjöf til viðskiptavina. Ólíkum upplýsingum kann að vera safnað eftir því hvort þú sjálfur ert viðskiptavinur Lagahvols eða hvort þú kemur fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við Lagahvol.

Í dæmaskyni má nefna að unnið er með eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga sem jafnframt eru viðskiptavinir Lagahvols:

- auðkenningu einstaklings sem viðskiptamanns, s.s. nafn, kennitala og lögheimili,

- samskiptaupplýsingar, s.s. símanúmer, netfang og samskipti við viðskiptamann;
- reikningsupplýsingar;
- persónuskilríki, svo sem afrit af vegabréfi eða ökuskírteini; og
- aðrar persónuupplýsingar sem einstaklingur veitir okkur í því skyni að geta veitt honum lögfræðilega ráðgjöf.

Í dæmaskyni má nefna að unnið er með eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga sem fram koma fyrir hönd lögaðila eða eru á annan hátt tengiliðir við lögaðila:

- tengiliðsupplýsingar, s.s. nafn starfsmanns, nafn fyrirtækis sem starfsmaður vinnur fyrir og starfstitill; og
- samskiptaupplýsingar, s.s. símanúmer, netfang og samskipti við starfsmann.

Rétt er að benda á að viðskiptamanni er ávallt valkvætt að veita persónuupplýsingar. Séu upplýsingar ekki veittar kann það þó að hafa áhrif á möguleika Lagahvols til að veita ráðgjöf.

Að jafnaði safnar Lagahvoll persónuupplýsingum beint frá viðskiptamanni eða fyrirsvarsmanni lögaðila. Í einhverjum tilfellum kunna upplýsingar að koma frá þriðju aðilum, svo sem Þjóðskrá Íslands, Fasteignaskrá Íslands, Creditinfo, Keldunni, ríkisskattstjóra, bönkum eða fjármálafyrirtækjum, dómstólum, sýslumönnum og stjórnvöldum.

Lagahvoll kann í einhverjum tilfellum að safna upplýsingum í gegnum heimsóknir viðskiptamanna á heimasíðu félagsins, www.lagahvoll.is, þar á meðal upplýsingar um staðsetningu þess sem opnar heimasíðuna, tegund vafra sem notaður er og almennar upplýsingar um umferð á heimasíðu.

**VINNSLUGRUNDVÖLLUR**

Notkun þeirra persónuupplýsinga sem við höfum undir höndum fer eftir því í hvaða tilgangi þeirra er aflað. Lagahvoll notar einkum persónuupplýsingar viðskiptamanns til að:

- uppfylla samningsskyldu sína um að veita viðskiptamönnum lögfræðilega ráðgjöf;
- tryggja hagsmuni umbjóðanda okkar eða aðrar skyldur sem á okkur hvíla vegna lögfræðilegrar ráðgjafar sem við veitum;
- uppfylla lagaskyldu;
- gæta lögmætra hagsmuna Lagahvols, einkum í tengslum við eigna- og öryggisvörslu og markaðssetningu, s.s. við innheimtu krafna, viðskiptamannahald og markaðssetningu o.fl.

Ef viðskiptamaður hefur veitt Lagahvoli samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilgangi er samþykki grundvöllur slíkrar vinnslu. Viðskiptamaður á ávallt rétt á því að draga samþykki sitt tilbaka. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem áttir sér stað fyrir afturköllun.

## AÐGENGI AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM

Að því marki sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningsskyldum okkar við viðskiptamenn hafa starfsmenn Lagahvols aðgang að persónuupplýsingum. Auk þess hafa þjónustuaðilar Lagahvols, sem vinna persónuupplýsingar í okkar þágu, aðgang að persónuupplýsingum. Það eru einkum fyrirtæki sem veita hýsingar- og upplýsingatækniþjónustu, banka- og fjármálaþjónustu og innheimtuþjónustu. Auk þess ber Lagahvol skylda til að veita opinberum aðilum aðgang að persónuupplýsingum á grundvelli lagaskyldu; s.s. skattyfirvöldum, eftirlitsaðilum, lögregluyfirvöldum, skiptastjórum og dómstólum.

Í tengslum við miðlun persónuupplýsinga er rétt að taka fram að lögmenn Lagahvols eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina sem þeim er trúað fyrir í starfi sínu, sbr. 22. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum eða viðskiptamaður hefur veitt samþykki fyrir slíkri miðlun. Starfsmaður lögmanns er bundinn sambærilegri þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

## MIÐLUN UTAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

GDPR gildir í öllum ríkjum innan Evrópska Efnahagssvæðisins („EES-svæðisins“) og er miðlun persónuupplýsinga innan EES-svæðisins því ótakmörkuð að því marki sem hún byggir á lögmætum vinnslugrundvelli. GDPR takmarkar hins vegar miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES-svæðisins, þ.á m. til Bandaríkjanna. Lagahvoll nýtir þjónustu þjónustuaðila í Bandaríkjunum, einkum í tengslum við eftirlit með heimasíðu, og miðlar því persónuupplýsingum til landa utan EES-svæðisins í einhverjum tilfellum. Lagahvoll ber ábyrgð á því að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu til staðar við miðlun persónuupplýsinganna svo fullnægjandi vernd persónuupplýsinga þinna sé tryggð. Því miðlar félagið aðeins persónuupplýsingum til aðila sem falla undir reglur um friðhelgisskjöld (e. Privacy Shield) eða til aðila sem styðjast við viðeigandi verndarráðstafanir líkt og stöðluð samningsákvæði.

## VARÐVEISLUTÍMI

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Lagahvols krefjast og málefnaleg ástæða þykir til. Að jafnaði eru persónuupplýsingar varðveittar í allt að 7 ár frá sérhverjum viðskiptum nema að viðskiptavinur óski sérstaklega eftir því að þeim sé eytt. Þegar upplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar til að uppfylla samningsbundnar skyldur Lagahvols við þig eða til að uppfylla lagaskyldu er þeim eytt. Lagahvoll kann að varðveita persónuupplýsingar sem snúa að eiginlegri lögfræðiþjónustu lengur, enda kann vinnsla slíkra persónuupplýsinga að vera nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verjast réttarkröfu og er í slíkum tilfellum miðað við almennar reglur um fyrningartími krafna.

## RÉTTINDI EINSTAKLINGA

Einstaklingar njóta ákveðinna réttinda í tengslum við vinnslu Lagahvols á persónuupplýsingum. Í þeim felst réttur til að:

- óska eftir upplýsingum um hvernig Lagahvoll vinnur persónuupplýsingar og fá afrit af þeim;
- óska eftir því að Lagahvoll eyði um þig upplýsingum, leiðrétti óáreiðanlegar persónuupplýsingar eða fullgeri ófullkomnar persónuupplýsingar;
- óska eftir því fá persónuupplýsingar á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði og fá þær sendar öðrum aðila.

Rétt er að tilgreina að Lagahvol er heimilt í afmörkuð tilfellum að hafna því að persónuupplýsingum um þig sé eytt, þær fluttar eða að þú fáir aðgang að gögnum. Lagahvoll mun eftir bestu mögulegri getu tryggja að upplýsingar um viðskiptamann séu áreiðanlegar og uppfærðar þegar þess þarf.

Þér er einnig ávallt heimilt að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú telur að vinnsla okkar sé þvert á gildandi löggjöf. Ef þú vilt frekari upplýsingar um réttindi þín eða hvernig þú getur nýtt þau biðjum við þig um að hafa samband við ábyrgðarmann persónuverndarstefnu Lagahvols (sjá samskiptaupplýsingar í lið 1).

## ÖRYGGI OG VERND PERSÓNUPPLÝSINGA

Lagahvoll hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fyllsta öryggi persónuupplýsinga þinna gegn misnotkun, röskum, tjóni og óheimiluðum aðgangi, breytingum eða birtingu. Ráðstafanir Lagahvols til að tryggja öryggi eru einkum fólgnar í:

- innleiðingu tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sem ætlað er að tryggja viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsþol vinnslukerfa og þjónustu;
- stýringu aðgengis einstaklinga að starfstöð okkar og viðhöfum öryggisvörslu;
- stýringu aðgengis starfsmanna og annarra að kerfum sem hafa að geyma persónu-upplýsingar;
- að tryggja að þeir sem hafa aðgang að persónuupplýsingunum viðskiptamanna, hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga; og
- takmörkum varðveislutíma persónuupplýsingar viðskiptamanna.

## BREYTINGAR Á PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Stefna þessi verður uppfærð reglulega í samræmi við breytingar Lagahvols á meðferð persónuupplýsinga til að endurspegla meðferð persónuupplýsinga hjá fyrirtækinu hverju sinni. Við hvetjum þig til að skoða þessa stefnu reglulega til að vera upplýstur um hvernig við notum og verndum persónuupplýsingar þínar.

# P R I V A C Y   P O L I C Y

## LAGAHVOLL

This Privacy Policy is based on the current Icelandic Privacy Act no. 90/2018, as well as on the General Data Protection Regulation no. 2016/679 from 27 April 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data, also known as „GDPR''.

**INFORMATION ABOUT US**

Lagahvoll slf., Bankastræti 5, 101 Reykjavík, kt. 640112-0500 (also referred to as ''Lagahvoll'' and ''we''') is the controller of any personal information that we process in connection to the legal services we provided to our clients.

The aim of this Privacy Policy is to provide our clients with information about the purpose and legal basis for the processing of personal data and inform clients about their rights in relation to such processing. If you have any further questions or observations to this Privacy Policy please refer to the Supervisor of this Privacy Policy by mail or email. The Supervisor will respond to your inquiry as soon as possible in writing.

Lagahvoll slf.

Bankastræti 5

101 Reykjavík

c/o Jóhann Tómas Sigurðsson

email: johann@Lagahvoll.is

**TYPES OF PERSONAL INFORMATION WE COLLECT**

Personal information means any information that can be used to directly or indirectly to identify a specific individual.

Lagahvoll collects and processes certain personal information for the purposes of providing legal services to clients.  Depending on whether you are a client of Lagahvoll or whether you are representing a legal person that is a client of Lagahvoll.

The following are examples of personal data that Lagahvoll processes of individuals that are clients of Lagahvoll:

- identification information of the individual that is a client, such as name/that is, identification number and domicile;
- communication information, such as a telephone number, email and communication with a client;
- financial information;
- personal identification, such as a copy of a passport or drivers licence; and
- other personal information that an individual provides us with in connection to legal services.

The following are examples of information about individuals that represent a client who is a legal person or an individual that is in another way a contact for a client:

- contact information, such as the name of the employee, the name of the legal person that the employee works for and title; and
- communication information, such as telephone number, email and communication with an employee.

It shall be noted that providing personal data is always optional for a client. If certain information is not provided it may affect Lagahvoll's ability to provide legal advice.

In general Lagahvoll collects personal information directly from a client or a representative of a client. In some instances, the information may be provided by third parties, such as the National Register of Iceland, Property Register of Iceland, CreditInfo, Keldan, the Directorate of Internal Revenue, banks or other financial companies, District Courts, District Commissioner and public authorities.

Lagahvoll may in some cases collect data through website visits to the Company's website, www.Lagahvoll.is, including information regarding the location of the individual that opens the website, the type of browser that is used and general information regarding traffic on the website.

**LEGAL BASIS FOR COLLECTION**

The processing of personal data that Lagahvoll holds depends on the purpose of the collection of personal data. For example, Lagahvoll processes personal data of a client to:

- fulfil our contractual obligations of providing legal services;
- ensure the interests of our client or other obligations in connection to the legal services we provide;
- fulfil legal obligations;

safeguard the legitimate interests of Lagahvoll, particularly in relation to asset and security management and marketing, such as debt collection, managing the clients, marketing etc.

If a client has provided its consent to Lagahvoll for the processing of personal data for a specific purpose then consent is the legal basis for processing. The client can withdraw its consent at any time when the processing of personal information is based on consent. Further, it shall be noted that the withdrawal of consent does not affect the legality of the processing before the withdrawal of consent.

**DISCLOSURE OF PERSONAL DATA**

The employees of Lagahvoll have access to personal data to the extent necessary to fulfil our contractual obligations towards our clients. Personal data may be delivered to third parties that process data on behalf of Lagahvoll or provide services to us. Those parties are for example IT system and software providers, banking and financial service providers as well as debt collectors.

In some instances, Lagahvoll has a legal obligation to disclose a client's personal information to regulatory authorities, law enforcement agencies, district courts and other governmental bodies.

It shall be noted that the attorneys employed at Lagahvoll are bound by a legal duty of confidence regarding all information they receive according to Article 22 of Act no. 11/1998, except if they have a legal obligation to disclose information or the client has provided consent for such disclosure. Other employees are also bound by a similar confidentiality requirement.

**DATA TRANSFERS OUTSIDE THE EUROPEAN ECONOMIC AREA**

GDPR is applicable in all countries within the European Economic Area („EEA area'') and data transfers within the EEA area are unlimited if based on an appropriate legal basis. GDPR restricts data transfers to countries outside the EEA area, including the United Stated. Lagahvoll uses the services of providers in the United States and transfers data to the United States for example, in relation to the monitoring of our website. As a data controller Lagahvoll is responsible for ensuring that our clients personal data is only transferred to parties that provide adequate protection to clients' personal data. Therefore, Lagahvoll only transfers personal data to parties certified as Privacy Shield members or parties who have provided appropriate safeguards such as standard contractual clauses.

**DATA RETENTION**

Personal information is generally processed and retained as long as necessary to fulfil contractual obligations to clients, legal obligation and legitimate interests of Lagahvoll. When data is no longer necessary to fulfil contractual obligations or legal obligation they are deleted. However, Lagahvoll may retain personal information relating to legal services for a longer period when obliged by legal and/or regulatory requirements, such as limitation periods for taking legal action and accounting requirements.

## DATA SUBJECT RIGHTS

Individuals enjoy certain rights in relation to the processing of Lagahvoll on personal data. They include the right to:

- request information about how Lagahvoll processes personal data and receive a copy of the information;
- request erasure of personal data, rectification of inaccurate personal data or request that Lagahvoll complete incomplete personal data;
- request to receive personal data in a structured, commonly used, and machine-readable format and to have them transferred to another party.

It shall be noted that Lagahvoll is permitted in limited circumstances to deny that personal data is erased, transferred or that access to data is provided. Lagahvoll will ensure that the personal data of each client is updated and reliable.

A client also has the right to lodge a complaint with a supervisory authority if he considers that the processing of Lagahvoll infringes or is not in compliance with the applicable legislation. Further information on the rights of data subjects are provided by the representative of the Lagahvoll Privacy Policy (please refer to our contact information in section 1).

## PROTECTION OF INFORMATION

Lagahvoll has taken appropriate and reasonable steps to ensure that all personal data is protected from misuse, interference and loss, as well as unauthorised access, modification or disclosure. The measures taken to protect personal data include:

- implementation of technical and organisational measures designated to ensure continued confidentiality, continuity, availability and load resistance of processing systems and services;
- managing the access of individuals to our premises;
- managing the access of employees and others to systems that contain personal information;
- ensuring that third parties who have access to the personal data of clients have made appropriate security safeguards to protect personal information; and
- limiting the retention period of the personal data of clients.

## PRIVACY POLICY AMENDMENTS

This Policy will be updated regularly in accordance to the changes made by Lagahvoll in relation to the processing of personal data. We encourage you to review this policy on a regular basis to be informed about how we use and protect your personal data.